



## Jákvæður agi

Í starfi okkar hér í Þelamerkurskóla leggjum við til grundvallar **uppeldisstefnu sem nefnist Jákvæður agi** (e. Positive Discipline). Stefnan byggir á sjálfstjórnarkenningum, sem fela það í sér að horft er á **orsakir hegðunar** fremur en að reyna að **breyta** hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast með ýmsum atferlismótunarkerfum sem hafa verið ráðandi í skólakerfinu um langan tíma. Jákvæður agi gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu. Jákvæður agi kennir félagsfærni og lífsleikni

**Meginreglur jákvæðs aga hjálpa til við að byggja samband væntumþykju og virðingar og þær auðvelda að finna lausnir til frambúðar.**

Jákvæður agi byggir á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum. Börn verða ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni í andrúmslofti virðingar, góðvildar og festu. Jákvæður agi byggir á því að börn þroski og efla með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna.



| Mánudagur   | Þriðjudagur  | Miðvikudagur   | Fimmtudagur   | Föstudagur                                    | Laugardagur | Sunnudagur          |    |
|---|--|--|---|---|-------------|---------------------|----|
| 1 Soðinn fiskur með rúgbrauði. Salatbarinn opinn.   | 2 Skinkupasta með salati og brauði.                      | 3 Steiktar fiskibollur með lauk og remma. Salatbarinn opinn. | 4 Lambasteik með piparsósu og meðlæti. Salatbar.          | 5 Grjónagrautur og slátur. Salatbarinn opinn. |             |                     |    |
| 8 Grænmetisbollur með kókosparrýsósú og salati.     | 9 Pönnusteikt bleikja með kaldri sósu og salati.         | 10 Nautastrimlar með ostasósu, hrísgrjónum og salati.        | 11 Kjúklingur og ofnbakaðar franskar kartöflur. Salatbar. | 12 Skyr og brauð með hangiketi. Salatbar.     |             |                     |    |
| 15 Pepperoni-pasta með salati og brauði.            | 16 Steiktur fiskur með lauk og remma. Salatbarinn opinn. | 17 Svínakjöt í súrsætri sósu. Salatbarinn opinn.             | 18 Nautasnitset með ofnbökuðum kartöflum og salati.       | 19 Íslensk kjötsúpa. Salatbarinn opinn.       |             |                     |    |
| 22 Pönnusteiktur lax með sweetchili sósu og salati. | 23 Nautagúllas með kartöflumús, meðlæti og salati.       | 24 Steiktar fiskibollur með karrýsósú. Salat.                | 25 Kennaraval   | 26 Mexíkósk kjúklingasúpa. Salatbar.          |             | 27 Páskaleyfi hefst | 28 |
| 29  | 30   | 31   |   |   |             |                     |    |